

Mál nr. 395/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Árekstur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. október 2025, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V, dags. 18. nóvember 2025, fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónaskýrslu frá Aðstoð og öryggi (A&Ö), varð árekstur hinn 23. október 2025, með bifreiðunum A, sem er í eigu M, og B, sem báðar eru vátryggðar hjá V. Báðum bifreiðunum var ekið Dugguvog í norðurátt, B var ekið á undan A. Bifreiðin B beygði aðeins yfir á öfugan vegarhelming til að geta ekið aftur á bak inn að húsi númer 44, sem var vinstra megin við bifreiðarnar. Hóf A þá framúrakstur við gangbraut og var þá ekið með hægri hlið utan í vinstri framhlið B. Af hálfu V var öll sök lögð á ökumann A. M kveðst ekki sáttur við þá niðurstöðu þar sem B var kyrrstæð á miðjum vegi með engin stefnuljós þegar M ákvað að aka fram hjá bifreiðinni. Hafi M ekki fengið neinar útskýringar á sinni sök.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir við efni málsins þar sem báðar bifreiðarnar eru vátryggðar hjá V.

Álit.

Ágreiningur snýr að því hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar með talið hvort skipta skuli sök milli A og B. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga má eigi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Sama gildir þegar komið er að gangbraut eða á henni. Þessa gætti M ekki að í aðdraganda áreksturs og ber hann því sök á umræddum árekstri.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama gildir ef ökumaður ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækisins. Samkvæmt 1. mgr. sömu greinar þarf ökumaður einnig að sýna aðgæslu áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak. Af framburði ökumanns B verður ekki ráðið að hann hafi gætt að annarri umferð áður en hann stöðvaði bifreiðina og beygði henni til þess að geta ekið aftur á bak. Ber hann því einnig sök á umræddum árekstri.

Samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar fyrir framúrakstur við gangbraut en ökumaður B 1/3 hluta fyrir að geta ekki að annarri umferð áður en hann ók til hliðar og stöðvaði bifreiðina.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 27. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir